

Döl mín meðal Eskimóa

Því áttuðum örfum af þessum sterklegu bogum, sem þar voru í hvers manns eigu. Því sagði eg þeim, að mig langaði til þess að sjá, hvernig þeir báru sig að með að veiða hreindýr, og skyldi eg svo í staðinn sjá þeim vopn þau og aðferðir, er við notuðum. Sex menn sendu þegar heim eftir bogum sínum, en snjóvarða, sem höfð var að skotmarki, var hlaðin gegn hálinu. Færð, sem unt var að hitta í mark, er var fet að ummáli, nokkurnveginn reglulega, á var frá 40—50 álnir, og það, sem bogarnir drógu lengst, voru liðug- ar 150 álnir, en færð, sem hreindýrin venjulegastru voru skotin á, voru liðugar 100 álnir eða 35 faðmar. Þegar þeir voru búnir að sjá mér þetta, setti eg upp stöng í hár um bil 100 faðma fjarlægð og skaut á hana. Fólk, sem stóð alt í kringum mig, karlar, konur og börn, hafði ekki hugmynd um, hvað eg ætlaði mér, en þegar það heyrði hveinn, flýðu konur og börn inn í húsin, en karlmennirnir höfðu aftur á bak um 40—50 fet og töluðu með miklum sæsingi hver við annan að baki snjógarði einum. Eg fór strax til þeirra og það þá um að koma með mér að stönginni og sjá, hvað orðið hefði. Eftir nokkrar málalengingar fékk eg þjá til að koma með mér, en því miður hafði eg ekki hælt. Við þetta létu þeim: en þegar eg sagði þeim, að eg ætlaði að reyna aftur, voru þeir því mjög mótfallnir og sögðu, að eg mundi fæla sellinn burt frá veiðstöðvum þeirra og þá tæki fólk að svelta.

En mér virtist óhjákvæmlegt að sjá þeim og sanna, að eg gæti það sem eg segði, gæti skotið gegnum stöngina á 100 faðma færi, og þrátt fyrir öll andmæli þeirra bjó eg mig til að skjóta aftur um leið og eg sagði þeim, eins og sattu var, að við notuðum þessi vopn til selveidda vestur í landi og að skothvellirnir fældu ekki selinn burt. Eg hitti nú í öðru skoti en þeir virtust ekki verða svo mjög hissa á farinu eftir kúluna í stönginni eins og á hveinnum. Og yfirleitt virtust þeir alls ekki undrast þetta. Þegar eg sagði þeim, að eg gæti skotið hvítbjörn eða hreindýr á jafnvel helmingi lengra færi, þótti þeim það ekkert mikið, en spurðu mig, hvort eg með rifli minum mundi geta skotið hreindýr, sem væri hinum megin við fjallið. Þegar eg sagði þeim, að það gæti eg ekki, fóru þeir að segja mér frá töframanni miklum (shamana) hjá einum nágranna-flokkinum; hann ætti kynja-ör, er gæti hæft hreindýr handan yfir fjöll, og það hversu há sem fjöllin væru. Þeim þótti með öðrum orðum ekkert til skotlagi minnar með riflinum koma, og kom mér það þó mjög á óvart.

Nú skil eg betur en þá, hvernig öllu þessu lá. En það er í stuttu máli þannig: ef þú hefst ánt Eskimóa boga, sem hefsti dregið þessa 50 faðma lengra en hver venjulegur bogi, þá hefsti hann aldrei getað hætt að dást að því og rómað það alt sitt líf; því að bogann skilur hann út inn og veit, að hann starfar á alveg eðlilegan hátt, og því myndi hann ekki finna neitt kynlegt við hann. En sýnið honum verkið á riflinum, sem hann botnar ekkert í, þá finst honum sem hann standi þegar augliti til auglitis við eitthvert kraftaverk, og þá dæmir hann eftir því. Með kraftaverkum má gera hvað sem vera skal, eins og honum hefir verið sagt og honum jafnvel hefir sjálfum sýnt, og því er fátt, sem þar fær honum undrunar; og sattu að segja blika alveg öll furðuverk víandanna og jafnvel vorar kynlegustu töfrasagnir við hliðina á öllu því, sem Eskimóarnir trúa, að töframenn þeirra geri dags daglega í kringum þá.

Ef þú vill mætti eg hvarfla svo-

lúð frá rás fíðburðanna til þess að sjá þá með öðru dæmi, að það er ekki ekkert einstakt, þó Eskimóarnir völdu ekki undrast það, að maður gæti dregið björn eða hrein á svo löngu færi með ósýnilegri og óskeikulli rifflukúlu. Þegar eg einu sinni síðar sýndi þeim kiki minn og hversu hann dró tjarlæga hluti að sér og gerði þá skýra og greinilega, þá fannst þeim auðvitað til um það. Og þegar eg sýndi þeim hreindýr, sem þeim voru ósýnileg, með því að kíkja bæði í suður og austur, gerðu þeir að því góðan róm, en sögðu svo að vörmu spor: — "Úr því þú hefir svipast eftir hreindýrunum, sem hér eru dag, og fundið þau, getur þú þá ekki líka svipað eftir hreindýrunum, sem koma hingað á morgun, svo við getum vitað, hvar við eigum að liggja í lausátri fyrir þeim?" — Þegar þeir heyrðu að sjöngler mín gætu ekki skygnt inn í framtíðina, var eins og þeir yrðu fyrir vonbrigðum og létu sér fátt um finnst kyngi vora, þar sem þeir þóttust vissir um, að þeirra eigin töframenn kynnu ráð til þess að sjá, hvað morgundagurinn bæri, í skauti sér.

I annað sinn var eg að lýsa snilli skurðlækna vorra. Þeir gætu sverft mann og meðan maður svæfi, gætu þeir tekið úr manni nokkuð af innflynum eða annað nýrð, og vissi maður ekki einu sinni, þegar maður vaknaði, hvað við mann hefði verið gert, nema það sem aðrir segðu manni, og svo sattu maður auðvitað samantumaðan skurðinn. Læknar voru gætu meira að segja tekið líffæri úr einum manni og sett það í annan. Að visu hefði eg aldrei séð þetta gert, en það væri á almannavitið í mínu landi, að það ætti sér stað. — Nú, svipað ætti sér stað í þeirra landi, sagði einn áheyrenda minna. Sjálfur hafi hann átt vin, sem þjáðist af bakverk, þangað til einn af töfram-læknum þeirra tókst á hendur um lækna hann. Næstu nótt, á meðan hann svaf, tók hann úr honum endilangan hrygginn, sem var allur sýktur, setti nýjan hrygg í staðinn og — það sem var merkilegast af öllu — ekki var neitt saumfar að sjá á höndunum sjúklingins og engin verksummerki þess, sem gert hafði verið. Að visu hefði sögu-maður ekki séð þetta sjálfur, en þetta væri á allra vitorði meðal landa hans. Úr öðrum hafði verið tekið hjartað, og hafði hann fengið nýtt í staðinn. Með öðrum orðum, Eskimóinn trúði jafnfastlega því, sem hann sagði, og eg því sem eg sagði; hvorugur okkar hafði séð þetta gert, en því var alment trúð með báðum þjóðum, og það sem hann sagði af sínum töframlæknum var undra-verðara en það, sem eg gat sagt af mínum. Eg varð meira að segja að kannast við að okkar læknar gætu ekki tekið hrygg og hjarta úr manni; og þar eð þeir voru svo hæverskir að renga ekki, það sem eg sagði, þá hefði verið óhæverskt af mér að renga þá. Og þótt eg hefði farið að spyrjast nánar fyrir, hefði það ekki stöðað; eg hefði ekki getað breytt neinu í hinni bjargföstu trú þeirra á töfra-lækna-ana og andasæringar þeirra. Og þrátt fyrir allar röksemdir, sem eg hefði getað fært gegn þessu, hefði árangurinn orðið nákvæmlega sá sami, sem sé sá — að eg hefði með eigin vörum mínum orðið að kannast við, að vorir læknar væru ekki jafnokar þeirra.

Það var næst hádegi, þegar einhver spurði mig, hvort gestum væri ekki tekið með einhverjum sérstökum hátíðabrigðum meðal hinna vestlægar þjóða. Eg svaraði því svo, að venjulegast kæmu þá allir þorpabúar saman í miklu dansmóti. Þetta væri líka tízka hjá þeim, sagði gistiinnur minn mér, og úr því síðinn væru nú eins hjá báðum, ætluðu þeir að reisa dansakála svo stóran, að hann hefði getað hýst tvo kynþætli; við skyldum fá að sjá, hveru þeir

dönsuðu, og ef til vill stigum við þá dans fyrir þá líka. Ekki var fyrir stungið upp á þessu en tyft ungra manna hljóp hver heim til sín til þess að ná í snjótakka sína, vetlinga og snjóhnifa. Og um miðfán var dansakálinn kominn upp, snjóhvelving 9 feta há, og svo stór að hann gat rúmað 40 standandi áhorfendur hringinn í kring með 5 feta breiðu svæði í miði handa dansendum.

Það hafði verið harðari í mörg ár hjá þessum kynþætli og því lit- ið um sýntanir síðari árin og ekki eftir nema ein bumba; aftur á móti höfðu dansleikir verið tíðir hjá eldra fólkinu og þá til margar bumbur, — en bumban er einasta hljóðfæri Eskimóa. Nú var heitt í veðri og sólskin, og á meðan karlmennirnir voru að reisa dansakálann, fóru einhverjir og sóttu bumbuna, og svo tók ung stúlka að syngja fyrir okkur og barði um leið bumbuna. Hún fór með hana líkt og tambúrú, en lék þó alt öðruvísi á hana en vestlægar Eskimóar. Söngvarnir voru líka aðrir og þeir fóru einkar vel með þá. Kvæðandinn í einum söngnum svipaði til hljóðfallsins í norrænu skáldkvæðunum. Stúlkan, sem söng var og mjög fögur af Eskimóa að vera og hafði þessa löngu mjóu fingur, sem eg hefi að eins séð hjá kynblendingum í Alaska. Og hér var það, sem mér flaug fyrst ákveðið í hug, að sá svipur, sem þessi kynþættur bar af hvítum mönnum, þótt hann væri ekki á jafn háu stigi og hjá kynþáttunum, sem við síðar komum til, ætti á einhvern hátt röt sína að rekja til þeirra Norðurlandabúa (scandinavian colonists), sem settust að til forna á Grænlandi.

Dansinn, sem hófst undir eins og dansakálinn var fullger, stóð yfir það sem eftir var dagsins. Enginn dansanna voru alveg eins og dansar þeir, sem tíðkuðust hjá félögum mínum í Alaska og Mackenzie, en þeim svipaði þó til þeirra. Og meira að segja voru dansarnir mjög frábrugðnir hver öðrum sín á milli; einkum stakk dans þeirra, er sagði voru frá meginlandinu að vestan, mjög í stúf við dans hinna. Margir dansarnir voru á þá leið, að menn hreyfðu ekki fæturnar, en sveigðu kroppinn fram og aftur og hreyfðu til handleggjunum. Stundum söng dansandinn, sagði fram kvæði eða hrópaði í sífellu, en stundum þagði hann, en altaf sungu allir þeir, sem viðstaddir voru, undir, ef þeir á annað borð kunnu danslagið. Suma dansa, sem einstakir menn kunnu, var þó ekki hægt að sjá af því, að enginn kunnir danslagið.

A þessum tíma árs — um miðjan maí, var bjart alla nóttina, því að sumarið var í nánd. Samt sem áður mótuðust menn nokkurnveginn reglulega þrisvar sinn- um á dag, og nú hætti dansinn um kl. 8 að kvöldi, þegar konurnar til- kynntu að kvöldverðurinn væri framreiddur. Eftir kvöldverðinn sat eg nokkra stund og skrafaði við húsbændur mína og einn eða tvo gesti aðra og síðan gengum við öll heim til mín, en þar var þá hylmingur allra þorpabúa saman kominn líkt og kvöldið áður. En þeir dvöldust það að eins stutta stund og um kl. 11 hafði síðasti gesturinn boðið okkur vingjarn- lega góða nótt. Og þannig lauk fyrsta degi okkar meðal Eskimóa á Victoríu-eyju.

(Framh.)

Kvenfrelsið.

Það eru ekki mörg ár síðan, að kvenréttindahreyfingin var eitt af aðal-umræðuefnum í flestum löndum Norðurlálfunnar. Mest þar þó á þessu í Englandi, því að þar öðu forsprakkar kvenréttinda- hreyfingarinnar uppi með álika gauragangi eins og Bolshevikar, syndikalistar, spartakistar, kom- unistar, — og hvað þeir nú heita allir þessir miklu byltingaflokkar



— gera nú hinum ýmsu ríkjum. Það framferði varð síður en svo til þess að afla kvenréttindahreyf- ingunni fylgis. Miklu fremur mun það hafa orðið til illa.

En svo kom stríðið með öllum sínum miklu breytingum og byl- tingum. Um það leyti var einmitt farið að veita konum aukin rétt- indi í ýmsum löndum. Jafnvel í Englandi fengu konur jafnrétti við karlmenn. Auk þess hafa konur fengið jafnrétti við karlmenn á Norðurlöndum og í Þýskalandi, og nú síðast á Frakklandi. Og þessi mikla bylting hefir komið svo að segja hljóðalaust. Jafnréttið hefir konunum verið fengið svo að segja baráttulaust.

Og þetta er eflaust heppilegasta lausnin í því máli. Það hefði verið hættulegt, ef kvenfrelsið hefði verið barið í gegn með ofstopa og ofbeldi og þótt slíkt framferði eigi óvísanlegt, hefði það þó átt allra verst við þar sem kvenþjóðin átti í hlut. Afleiðingin hefði auðvit- að orðið sú, að þrátt fyrir fenginn sigur, hefðu "kvenvargarnir" hald- ið uppi samskonar baráttu fram- vegis, til þess að vernda fengin réttindi. Kvenþjóðin hefði tran- að fram sínum fulltrúum hvar- vetna, án alls tillits til þess, hvort þeir væru vandannum vaxnir. En nú geta konurnar verið rölegar. Þeim hefir verið fengið frelsið í hendurnar og engum lífandi manni kemur til hugar að það verði tek-

ÞJÓÐRÆKNISFÉLAG ÍSLENDINGA Í VESTURHEIMI

P.O. Box 923, Winnipeg, Manitoba.
Í stjórnmálefnd félagsins eru: Sára Ragnvaldur Petersen, forseti, 650 Maryland str., Winnipeg; Jón J. Hildfeldt, vara-forseti, 214 Portage Ave., Wpg.; Sig. Jón Jóhannsson, skrifari, 957 Ingersoll str., Wpg.; Ann. L. Blöndahl, vara-skrifari, Wynyard, Sask.; S. D. B. Stephansson, fjármála- ritari, 729 Sherbrooke str., Wpg.; Steinn Elmarsson, vara-fjármálaritari, Arborg, Man.; Ann. P. Jóhannsson, gjaldkeri, The Victor str., Wpg.; Sára Albert Kristjánsson, vara-gjaldk., Lunder, Man.; og Vignbjörn Sigur- jónsson, skjalavörður, 724 Beverley str., Wpg.
Fastafundi hefir nefndin fjórða föstudagskv. hvers mánaðar.

id af þeim aftur. Þær geta því i næði notið ávaxtanna af því.

Því var haldið fram víða fyrir nokkrum árum, að kvenréttinda- málið væri ótímabært, vegna þess að kvenþjóðin væri ekki undir það búin að taka við jafnrétti. Þá heldu konur því fram, að það væri vegna þess, að þeim hefði aldrei verið gefinn kostur á að taka þátt í opinberum málum. Nú er þeim gefinn kostur á því í flestum menningarlöndum alfunnar. Og ætla má, að fyrst það hefir gengið svo friðsamlega, þá noti þær fyrstu árin til þess að læra að fara með frelsið og keppa að því að verða jafnokar karlmanna, að svo miklu leyti sem þeim er unt. Og á þann hátt er best leyst úr þessu máli og betur en nokkurn hefir or- að fyrir, fyrir svo sem tíu árum.

(Morgunbl.)

Björnson og Ísland.

A 100 ára afmæli norsku skáldkon- unnar, Magdalene Thoresen, hinn 3. j. m. birtir "Tidens Tegn" þjóð bréf frá Björnstjerne Björnson til hennar. Hafa þau bréf eigi verið prent- uð áður.

Eitt af þessum bréfum er ritað í Bergen 1. júlí 1867. Var Björnson þá nýlega kominn heim til Noregs eftir þriggja ára dvöl erlendis. Í því bréfi talar hann um það hvernig Norðmenn koma honum fyrir sjónir, og er lýsingin ekkert glæsileg. Og svo segir hann:

— Hættan, sem af þessu stafar, er sú, að hér mótit eigi yfirmenn og undirgefni, eins og alstaðar annars-

KENNARA VANTAR.

fyrir Vidir skóla nr. 1460, í tíu mánaði, frá 1. sept. 1919 til júní- loka 1920. Verður að hea minsta kosta third class profess- nal mentastig. Umsekjendur til- taki kaup og æfingu og sendi til- bód til undirritaðs fyrir 22. ágúst 1919.

J. Sigurðsson,
Sec. Treas.
Vidur P. O., Man.

45—46

staðar, þar sem er röleg framþróun. Því að það sem á að vera fest og neðst, hátt og lágt, framfær og aftur, — er öllu ruglað saman og leitt út í óvissu. Og sé eflinn með yfirbúðir gangi glæmum næ- ri hreyfist einhver þjóðlagss, svo — jæla, þá letum við 1919. Not N. ur-Amerku. Eða þá að við sölu- um niður í hið grófgreða kæruleysi Íslendinga og "ómörðsku" kald- hæðni: að verða með slíð og tím- ur og láta heimin eiga sig —

(Morgunbl.)

Krónuseðlar og járn- penningar

Fyrstu dönsku krónuseðlarnir voru rauðir og úr mjög óvönduðu efni og slitnuðu fljótt í umferð. Var því tekin upp önnur gerð á krónuseðlum, en við það hækku- uðu hinir rauðu í verði og tóku margir að safna þeim. Nú er hætt að prenta krónuseðla í Danmörku og sömuleiðis er hætt að slá járn- peninga þar. Er nú mikil krónu- spurn eftir hvorutveggja, eftir- æðlum og járnpeningum, og er jafnvel búist við að þeir komist í afarhátt verð, er stundir líða.

Heimskringla

til næstu áramóta fyrir

25 cent.

Nýtt kostaboð.

Nýir áskrifendur, er senda oss 75 cts. fyrir söguna "Viltur Vegar" og 25 cts. aukreitis, fá blaðið sent sér til næstu áramóta. Þetta kostaboð stendur aðeins stuttan tíma.

Kaupendur blaðsins gerðu oss mikinn greiða, ef þeir vildu góðfúslega benda ná- grönnum sínum, sem ekki eru áskrifendur, á þetta kostaboð.

The Viking Press Ltd.

Box 3171 -- Winnipeg.